

vegna hann sé í kápunni minni; segist ekki kæra sig um súpu, en tekur hana samt.

Við förum út á svalrnar til að skrafa saman, en hann er órólegur, því hann er ekki viss um að aðrir séu eins þagnæmskir og ég.

Svo nær hann í boga og hleypur út á hláðið og fer að skjóta örfum yfir búrkakið. Hann er svo ákafur og iðinn við það og hleypur sig móðan, að ég er í vafa um hvort hann gerir það til að láta dást að sér, eða til að komast hjá að dragast inn í hættulegt samtá. Hann heldur lengi áfram að skjóta með boganum og kallar til okkar að taka eftir, þegar honum tekst vel.

Það er brúð um hann í aukaherbergi og hann sefur þar um nóttina.

Næsta morgun kemur hann í síða, svarta frakknum að morgunverðarborðinu, hátiðle, ur og strangur á svip, eins og hann iðrist þess sem hann gerði í gær.

Þegar ég bið um bát handa honum, heyrir hann, að ég kalla gaula fiskimannskonu frá; hann segir við mig í hljóði:

— Þú átt ekki að kalla almúgakonur frá; þú skilur fólkið.

Því svara ég:

— Eru ekki allir menn jafnir?

— Jú, frammi fyrir (hann hikar við að segja orðið) Guði, en ekki frammi fyrir mönnunum. Það ættir þú að vita.

Þetta var leiðrétting gefin með ljúfmensku, sem kom í veg fyrir lengra umtal um þetta efni.

Við skildustum við ströndina, kuldalega og kurteislega, eins og við værum ánægdir með að skilja.

Í bátnum voru hundrað tómar flöskur, sem hann varð að sitja hjá.

— Breiddu eitthvað yfir flöskurnar! — skipaði hann stúlkunni, sem átti að róa.

Hún tók kápuna sína og breiddi hana yfir flöskuskammirnar, og um leið setti presturinn á sig hátiðlegan svip eins og eigandi hinna eilífu sanninda, og tók sér sæti.

## HEIMIR

12 blöð á ári, 24 bls. í hvert sinn, auk kápu og auglýsinga.  
Kostar **einn dollar** um árið. borgist fyrirfram.

Gefinn út af hinu Íslenska Únítaríska Kyrkjufélagi í Vesturheimi.

ÚTGAUFUNEEND:

G. Árnason, ritstjóri S. B. Brynjólfsson, ráðsmaður  
Jóh. Sigurðsson

Bréf og annað innihaldi blaðsins viðvikjandi sendist til Guðm. Árnassonar, 585 Simcoe St. Peninga sendingar sendist til S. B. Brynjólfssonar 623 Agnes St.

THE ANDERSON CO., PRINTERS